

Kópavogsbær
B.t. félagsmálastjóra

21. maí 2024
Tilvísun: 24010098

Efni: Niðurstöður frumkvæðisathugunar á upplýsingum um þjónustu við fatlað fólk á vefsíðum sveitarfélaga

Þann 25. mars 2024 sendi Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála (GEV) út bréf sem innihélt tilkynningu til allra sveitarfélaga á landinu um að stofnunin hafi hafið frumkvæðisathugun á upplýsingagjöf um þjónustu við fatlað fólk á vefsíðum sveitarfélaga. Í bréfinu var einnig greint frá tilurð og markmiði athugunarinnar sem framkvæmd er á grundvelli 14. gr. laga nr. 88/2021, um Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála (lög um GEV).

Við framkvæmd athugunarinnar var farið yfir upplýsingagjöf á vefsíðum sveitarfélaga til fatlaðs fólks sem könnuð var út frá eftirfarandi þáttum sem kveðið er á um í lögum nr. 38/2018, um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir:

- Stoðþjónusta skv. 8. gr.
- Búseta skv. 9. gr.
- Notendasamningar skv. 10. gr.
- NPA skv. 11. gr.
- Stuðningsfjölskyldur skv. 15. gr.
- Frístundaþjónusta skv. 16. gr.
- Skammtímadvöl skv. 17. gr.
- Vernduð vinna, hæfing og dagþjónusta skv. 24. gr.

Einnig var upplýsingagjöf sveitarfélaganna könnuð út frá eftirfarandi þáttum úr lögum nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga:

- Akstursþjónusta skv. 29. gr.
- Stuðningsþjónusta skv. VII. kafla laganna.

Frumkvæðisathugun GEV byggir á 32. gr. laga nr. 38/2018 þar sem fjallað er um frumkvæðisskyldu sveitarfélaga en í ákvæðinu segir að sveitarfélag skuli gera fötluðu fólki grein fyrir rétti sínum sem kveðið er á um í lögum nr. 38/2018. Stafrænt aðgengi að upplýsingum um þjónustu sveitarfélaga við fatlað fólk er mikilvægur liður í því samhengi.

Í landsáætlun í málefnum fatlaðs fólks, sem samþykkt var á Alþingi þann 20. mars 2024, er jafnframt fjallað um bætt aðgengi fatlaðs fólks að upplýsingum um þjónustu við fatlað fólk og fólk með langvarandi stuðningsþarfir og réttindi þess. Verkefni númer A.12 í landsáætluninni felur í sér að hægt verði að nálgast með einföldum hætti upplýsingar um réttindi og þjónustu við fatlað fólk

og fjölskyldur þess á einum stað. Tímaáætlun verkefnisins er frá 2025 til 2027 en þangað til að framkvæmd þess er lokið er mikilvægt að sveitarfélög sinni þessari upplýsingagjöf á sínum vefsvæðum.

Við athugunina var stuðst við eftirfarandi viðmið:

- Eru upplýsingar um þjónustuna aðgengilegar?
- Eru upplýsingar um umsóknarferli vegna þjónustunnar aðgengilegar?
- Vísu upplýsingar í nógildandi löggjöf?
- Ef umsóknarferli er rafrænt, er tekið fram hvernig hægt sé að leitast eftir þjónustunni utan rafrænna leiða?

Með vísan í framangreint mælist GEV til þess að bætt verði úr þeim þáttum í upplýsingagjöf sveitarfélagsins um þjónustu við fatlað fólk þar sem þeim er ábótavant, út frá niðurstöðum úttektarinnar.

Niðurstöður Kópavogsbæjar

1. Stoðþjónusta skv. 8. gr.

Á síðu bæjarins þar sem fjallað er um [þjónustu við fatlað fólk](#) er ekki fjallað um stoðþjónustu. Í [umsóknareyðublaði bæjarins](#) þar sem fatlað fólk getur sótt um þjónustu er hægt að sækja um [félagslega liðveislu og frekari liðveislu](#). Ekki er tekið fram á vefsíðunni eða umsóknareyðublaði á grundvelli hvaða reglna þjónustan er veitt en [reglur um stoðþjónustu](#) má finna á síðu með reglum velferðarsviðs og taka þær reglur mið af nógildandi löggjöf. Einnig er fjallað um umsóknarferli vegna stoðþjónustu í reglunum.

2. Búseta skv. 9. gr.

Á síðu með upplýsingum um [heimili fyrir fatlað fólk](#) eru taldir upp þeir íbúðakjarnar og heimili fyrir fatlað fólk sem rekin eru af Kópavogsbæ. Upplýsingar um umsóknarferli eru hins vegar ekki aðgengilegar. [Reglur um húsnæðisúrræði fyrir fatlað fólk](#) má finna á síðu með reglum velferðarsviðs. Reglurnar vísa í eldri lög um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992 sem fallin eru úr gildi.

3. Notendasamningar skv. 10. gr.

Upplýsingar um notendasamninga er ekki að finna á síðu um [þjónustu við fatlað fólk](#). Í [reglum um stoðþjónustu](#) segir í bráðabirgðaákvæði I að unnið sé að gerð reglna um notendasamninga.

4. NPA skv. 11. gr.

Ekki er fjallað um NPA á þeirri síðu þar sem fjallað er um [þjónustu við fatlað fólk](#). Vísað er á heimasíðu NPA miðstöðvarinnar undir tengdu efni. Hins vegar er hægt að sækja um NPA á [umsóknareyðublaði bæjarins](#) þar sem sótt er um stuðningsþjónustu. [Reglur um NPA](#) eru aðgengilegar með reglum velferðarsviðs. Reglurnar taka mið af nógildandi löggjöf og þar má finna upplýsingar um umsóknarferlið.

5. Stuðningsfjölskyldur skv. 15. gr.

Fjallað er um réttinn til stuðningsfjölskyldu á sérstakri síðu um [stuðningsfjölskyldur](#). Reglur Kópavogsbæjar um [stuðning við börn og fjölskyldur þeirra](#) fjalla um réttinn til stuðningsfjölskyldu og taka mið af nágildandi löggjöf. Einnig er fjallað um stuðningsfjölskyldur í [reglum um stuðningsþjónustu](#). Á síðunni þar sem fjallað er um [stuðningsfjölskyldur](#) er hlekkur á reglurnar um stuðningsþjónustu en ekki á reglurnar um stuðning við börn og fjölskyldur þeirra. Einnig er vísað á vef GEV vegna umsóknar um að gerast stuðningsfjölskylda en hlekkurinn er óvirkur.

6. Frístundaþjónusta skv. 16. gr.

Á síðu um [frístundir](#) segir að frístundaklúbburinn Hrafninn sé með skipulagt frístundastarf fyrir fötluð börn og unglinga í 5. – 10. bekk. Almenn frístund er í boði fyrir 1.-4. bekk og Höfuðborgin sé svo sértæk félagsmiðstöð ætluð ungmenum 16-20 ára. Tilgreint er að starfsemin falli undir lög nr. 38/2018. Vísað er á forstöðumann varðandi upplýsingar um umsóknarferli hjá Höfuðborginni og símanúmer og netfang gefið upp. Umsóknarferli að Hrafninum er ekki tilgreint en umsókn um frístund er aðgengileg rafrænt neðst á síðunni.

7. Skammtímadvöl skv. 17. gr.

Fjallað er um [skammtímaðvöl](#) á vefsíðunni. Hlekkur á umsóknina neðst á síðunni vísar hins vegar á síðu um fólk með fötlun en ekki beint á umsóknina. [Reglur um skammtímadvöl](#) eru aðgengilegar þar sem reglur velferðarsviðs er að finna. Reglurnar eru í samræmi við nágildandi lög og reglugerð nr. 1037/2018 sem gildir um starfsemina.

8. Vernduð vinna, hæfing og dagþjónusta skv. 24. gr.

Á síðu um [þjónustu við fólk með fötlun](#) er hlekkur inn á síðu þar sem fjallað er um [hæfingu, starfsþjálfun og verndaða vinnu](#). Ekki er fjallað um hvaða staðir eru í boði vegna verndaðar vinnu en að starfsþjálfun fari fram hjá Örva og að atvinna með stuðningi sé einnig í boði. Leiðbeiningar eru til staðar um umsóknarferli.

9. Akstursþjónusta skv. 29. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Upplýsingar um [akstursþjónustu](#) eru aðgengilegar út frá síðu þar sem fjallað er um þjónustu við fatlað fólk. Reglurnar eru í samræmi við nágildandi löggjöf. Umsókn er aðgengileg rafrænt og í pdf skjali.

10. Stuðningsþjónusta skv. VII. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Á síðu þar sem fjallað er um [þjónustu við fatlað fólk](#) má finna [reglur um stuðningsþjónustu við fatlað fólk](#). Reglurnar sem vísað er á voru samþykktar árið 2012 á grundvelli laga nr. 59/1992 sem eru fallin úr gildi. Á sömu síðu má finna pdf skjal með upplýsingum um stuðningsþjónustu og umsóknarferli vegna hennar og vísað er á netföng ráðgjafa.

Athugun fór fram á vefsíðu Kópavogsbæjar í apríl 2024.

Virðingarfyllst,

f.h. Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála

Tómas Ingi Adolfsson, sérfræðingur í eftirlitsteymi